Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 16. nóvember 2026
MSS 26090068

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um endurráðningar

Á fundi borgarráðs þann 17. september 2026 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

> *Óskað er eftir upplýsingum um fjölda endurráðninga þeirra sem sagt var upp í síðastliðnum uppsagnaraðgerðum Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 14. október sl.

Svar við fyrirspurn:

Í kjölfar skipulagsbreytinga og uppsagna á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem samþykktar voru í borgarráði 25. júní sl. hefur enginn starfsmaður verið ráðinn aftur í það starf sem viðkomandi var sagt upp en fjórir starfsmenn fengu boð um tímabundin ný störf. Í kjölfarið á samþykkt borgarráðs þann 25. ágúst sl. um skipulagsbreytingar og hagræðingu á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði var einum starfsmanni boðið starf á velferðarsviði sem ekki hafði verið ráðgert og á skóla- og frístundarsviði var tveimur starfsmönnum boðið starf sem ekki hafði verið ráðgert. Rétt er að upplýsa að í kjölfarið á hagræðingargerðum sem borgarstjórn samþykkti þann 27. október sl. hefur enginn starfsmaður verið ráðinn aftur í sitt fyrra starf eða boðið starf sem ekki hafði verið ráðgert. Borgarráð samþykkti á fundi sínum 13. nóvember sl. að framlengja samning um samræmda móttöku flóttafólks til eins árs. Samræmd móttaka var ekki hluti af hagræðingaraðgerðunum enda fellur kostnaður vegna stöðugilda að baki þjónustunni ekki á borgina heldur ríkið og starfsfólk sem sinnir verkefninu ráðið tímabundið á grundvelli samningsins. Vegna óvissu um framlengingu samningsins af hálfu ríkisins reyndist Reykjavíkurborg nauðsynlegt að segja upp starfsfólki sem starfaði á grundvelli samningsins 25. ágúst sl. Þar sem samningurinn hefur verið framlengdur til ársloka 2027 verður unnt að endurráða hluta þeirra starfsmanna sem sagt var upp störfum. Kostnaður vegna þessa fellur á ríkissjóð.

Ofangreindar upplýsingar eru veittar með þeim fyrirvara að á grundvelli meðalhófs er stöðug vinna í gangi við athugun á hvort bjóði megi þeim sem hafa fengið uppsögn vegna

skipulagsbreytinga og/eða hagræðingar önnur störf hjá Reykjavíkurborg og því kunna þessar tölur að taka breytingum frá degi til dags.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Reykjavík